

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Málsnr.: 1906 0017
Skjalasafn Ráðhúss
20. júlí 2020
Bréfalvkill: 6631



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík, 8. júlí 2020
MÍ202007-0022/7.01/ A.S.

Efni: Menningar- og búsetulandslag við Þerneyjarsund, í Þerney og á Álfsnesi - undirbúningur friðlýsingar

Minjastofnun Íslands hefur ákveðið að hefja undirbúning tillögu til mennta- og menningarmálaráðherra um að friðlýsa menningar- og búsetulandslag við Þerneyjarsund; í Þerney og á Álfsnesi (landnr. L 125650 og L 125775). Samkvæmt 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 („minjalög“) má friðlýsa fornleifar, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar og einnig má friðlýsa samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi.

Reykjavíkurborg hefur samþykkt breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og nýtt deiliskipulag fyrir Álfsnesvík á Kjalarnesi þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar Minjastofnunar Íslands um þau neikvæðu áhrif sem áform um að þar verði iðnaðarsvæði muni hafa á menningarminjar. Frá því að fornleifaskráning svæðisins lá fyrir í júní 2018 hefur Minjastofnun Íslands lagst gegn þessum áformum í öllum formlegum umsögnum og mælst til að fundinn verði annar staður fyrir athafnasvæði Björgunar.

Fyrirhuguð uppbygging í Álfsnesvík sem samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir mun hafa mjög neikvæð áhrif á einstakt menningarlandslag á Álfsnesi og við Þerneyjarsund og spilla menningarminjum á óafturkræfan hátt. Þar takast á tvenns konar hagsmunir: annars vegar tímabundnir hagsmunir einkafyrirtækis og hins vegar almannahagsmunir sem lúta að verndun menningarminja. Með samþykkt skipulags á Álfsnesi sem heimilar uppbyggingu á athafnasvæði fyrir Björgun eru hagsmunir fyrirtækisins teknir fram fyrir hagsmuni almennings um varðveislu verzlunarstaðar og búsetulandslags á Álfsnesi og við Þerneyjarsund. Það er andstætt tilgangi laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem kemur fram í 1. grein, sem er að „stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.“

Það er mat Minjastofnunar Íslands að menningarminjar við Þerneyjarsund hafi meira gildi þegar til lengri tíma er litið en tímabundin aðstaða fyrir Björgun. Svæðið segir sögu búsetu og kauphafnar allt frá miðöldum fram á 20. öld og er enn sem komið er nánast ósnortið af nútímaframkvæmdum. Um er að ræða einstakt menningarlandslag og eina slíka staðinn í borgarlandinu. Ef land við Álfsnesvík verður tekið undir iðnaðarsvæði verður mun meiri hagsmunum fórnað fyrir minni.

Lagt er til að friðlýsingin taki til menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund og allra menningarminja sem þar er að finna. Svæðið á landi afmarkast í norðri af Höfða við Álfsnesvík, til austurs af minjasvæði Glóru, þaðan er dregin lína til suðurs

eftir Álfsnesi og Gunnunesi til strandar og fylgir ströndinni að vesturhorni Gunnuness, þaðan sem liggur bein lína yfir Þerneyjarsund að Þerney og fylgir strandlínu suðureyju og vestureyju, allt að norðureyju þar sem bein lína er tekin að Höfða. Innan hins friðlýsta svæðis eru Þerney, vesturhluti Gunnuness og Álfsness, sundið milli lands og eyjar, Álfsnesvík, Sundakot/Niðurkot og Glóra.

Umræddar minjar og umhverfi þeirra mynda hið friðlýsta menningar- og búsetulandslag sem er afmarkað og hnitsett á meðfylgjandi uppdrætti (viðauki 1). Ef áður óþekktar minjar finnast innan hins friðlýsta svæðis falla þær undir skilmála friðlýsingar þessarar.


Gert er ráð 100 m friðhelgu svæði utan marka þessara eins og heimilt er samkvæmt 22. gr. minjalaga.

Innan umrædds svæðis eru fornminjar sem eru friðaðar sökum aldurs, sbr. 3. mgr. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., sbr. 21. gr. minjalaga. Eins og tekið er fram í 2. mgr. 5. gr. minjalaga getur sérstök friðlýsing falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign til að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Í samræmi við 18. og 19. gr. minjalaga leggur Minjastofnun Íslands meðfylgjandi drög að friðlýsingarskilmálum fyrir landeigendur, húseigendur, viðkomandi sveitarfélög og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Í skilmálunum kemur fram rökstuðningur Minjastofnunar Íslands með friðlýsingartillögnum.

Með vísan til 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, er yður hér með gefinn kostur á að koma á framfæri formlegum og efnislegum athugasemdum við friðlýsingartillöguna og hjálögð drög að friðlýsingarskilmálum (fylgiskjal 1). Minjastofnun Íslands væntir svars yðar eigi síðar en 27. ágúst n.k. Hafi athugasemdir ekki borist fyrir þann tíma lítur Minjastofnun Íslands svo á að þér hafið ekki athugasemdir fram að færa við tillögu að friðlýsingu minjanna.

Virðingarfyllt,
f. h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

Samrit:
Borgarstjórinn í Reykjavík
Björgun ehf
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Mosfellsbær

Menningar- og búsetulandslag við Þerneyjarsund; í Þerney og á Álfsnesi.



Minjastofnun
Íslands

– Friðlýsing –

Friðlýsingaskilmálar - DRÖG

Staður: Álfsnes, Gunnunes, Þerney og Þerneyjarsund

Sveitarfélag: 0000 Reykjavíkurborg

Landeignanúmer: L125650 og L125775

Landeigandi: Reykjavíkurborg kt. 530269-709

Fylgiskjöl sem eru hluti friðlýsingaskilmála:

Viðauki 1: Uppdráttur hins friðlýsta svæðis, skyggt með bleikum lit, ásamt hnitaskrá.

UMFANG FRIÐLÝSINGAR (Umfang og afmörkun friðlýsingar)

Friðlýsingin tekur til menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund og allra menningarminja sem þar er að finna. Svæðið á landi afmarkast í norðri af Höfða við Álfsnesvík, til austurs af minjasvæði Glóru, þaðan er dregin lína til suðurs eftir Álfsnesi og Gunnunesi til strandar og fylgir ströndinni að vesturhorni Gunnunes, þaðan sem liggur bein lína yfir Þerneyjarsund að Þerney og fylgir strandlínu suðureyju og vestureyju, allt að norðureyju þar sem bein lína er tekin að Höfða. Innan hins friðlýsta svæðis eru Þerney, vesturhluti Gunnunes og Álfsness, sundið milli lands og eyjar, Álfsnesvík, Sundakot/Niðurkot og Glóra.

Umræddar minjar og umhverfi þeirra mynda hið friðlýsta menningar- og búsetulandslag sem er afmarkað og hnitsett á meðfylgjandi uppdrætti (viðauki 1). Ef áður óþekktar minjar finnast innan hins friðlýsta svæðis falla þær undir skilmála friðlýsingar þessarar.

RÖKSTUÐNINGUR FRIÐLÝSINGAR

Friðlýsingin miðar að því að vernda þá minjaheild sem menningar- og búsetulandslagið¹ við Þerneyjarsund myndar. Svæðið hefur sérstöðu vegna þess að þar er að finna minjar um kauphöfn frá miðöldum og búsetu fram á 20. öld; ummerki um búsetu í Þerney, búðarústir í landi Sundakots, fiskbyrgi frá 14. öld og býlin Sundakot/Niðurkot og Glóru. Svæðið segir sögu

¹ Menningar- og búsetulandslag er landslag mótað af búsetu eða starfsemi manna, beint eða óbeint. Í víðasta skilningi er því nánast allt landslag, sem mótað hefur af athöfnun manna, menningar- og búsetulandslag. Samkvæmt Evrópska landslagssamningnum er landslag hluti af umgjörð daglegs lífs og menningarlandslag er landslag metið á grundvelli menningarsögulegra gilda. (Tilvísun: Evrópski landslagssamningurinn 5. gr. liður a) (OV/HÍ 2020:19)

kauphafnar og búsetu við Þerneyjarsund og hefur að geyma einstakar minjar um hafskipahöfn frá síðmiðöldum sem var forveri kaupstaðarins í Hólminum og þar með Reykjavíkurkaupstaðar.

Þerneyjarsund er ein fjögurra gamalla kauphafna á því svæði sem nú er nefnt höfuðborgarsvæðið, hinar eru Leiruvogur í Mosfellsbæ, Hólmurinn í Reykjavík og Hafnarfjörður. Við Þerneyjarsund er einstaklega vel varðveitt menningar- og búsetulandslag sem spannar búsetu á svæðinu frá því á miðöldum fram á 20. öld. Við Þerneyjarsund var hafskipahöfn á 14. og 15. öld og á þeim tíma hefur verið þar ein aðalhöfn landsins. Í heimildum frá 1429 kemur fram að Skálholtsstóll hafði aðstöðu við Þerneyjarsund vegna utanlandsverslunar. Við Þerneyjarsund var skipalega og búðarstæði á landi austan við sundið, í landi Sundakots, sem var hjáleiga Þerneyjar. Norðar er býlið Glóra, þar sem býið var til 1896 og síðan aftur á árunum 1928-1936. Má þar enn má sjá ummerki um búskap á fyrri hluta 20. aldar, fyrir tíma vélaaldar. Rústir Glóru eru einu minjar um slík býli sem eftir eru í landi Reykjavíkur.

Svæðið er lítt snortið af síðari tíma framkvæmdum. Með því að friðlýsa menningar- og búsetulandslagið er verið að auka gildi einstakra minja sem hluta af verðmætri minjaheild. Þrátt fyrir að allar minjar við Þerneyjarsund sem eru 100 ára og eldri séu aldursfriðaðar telur Minjastofnun Íslands mikilvægt að tengja minjastaðina saman og friðlýsa menningar- og búsetulandslagið sem heild.

Markmið friðlýsingarinnar er að standa vörð um þau menningarsögulegu verðmæti sem felast í menningar- og búsetulandslagi við Þerneyjarsund, sem hefur margvíslegt gildi eins og kemur fram í mati Borgarsögusafns á varðveislugildi svæðisins: „Einstakt menningarlandslag í borgarlandslaginu með hátt varðveislugildi, eini slíkur staður í borgarlandinu“

Friðlýsing menningarminja eflir verndarstöðu minjanna og auðveldar viðhald minjanna, eftirlit og ákvarðatöku sem getur haft áhrif á varðveislu þeirra. Friðlýsing dregur fram jákvæð áhrif verndaraðgerða og takmarkar neikvæð áhrif framkvæmda. Í menningar- og búsetulandslagi felast mikil verðmæti vegna fræðslu- og upplifunargildis fyrir heimamenn og gesti þeirra og getur öðlast efnahagslegt gildi fyrir ferðaþjónustu heima í héraði í framtíðinni. Verndun menningar- og búsetulandslags líkt og þess sem er að finna við Þerneyjarsund, í Þerney og á Álfsnesi, er mikilvægt fyrir alla, ekki síst almenning í landinu, þar sem ósnortið menningar- og búsetulandslag er takmörkuð auðlind. Nauðsynlegt er að vernda auðlindir sem þessar og skila þeim óskertum til komandi kynslóða sbr. 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (minjalög), þar sem fjallað er um tilgang þeirra.

Með friðlýsingu má skilgreina og móta stefnu um framkvæmdir og nýtingu af ýmsum toga og vega þannig og meta með upplýstum hætti kosti og galla þess sem fram fer á svæðinu. Hingað til hafa framkvæmdir í nágrenni Þerneyjarsunds haft möguleg neikvæð áhrif á svæðið en með friðlýsingunni er varðveisla svæðisins tryggð til framtíðar og hlúð að möguleikum svæðisins sem tengjast m.a. útivist, upplifun almennings og rannsóknnum.

LAGARÖK

Friðlýsingin er gerð á grundvelli 18 gr. minjalaga þar sem segir m.a.: „Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi“.

Um frekari lagarök fyrir friðlýsingu vísast til minjalaga en þar kemur m.a. fram að:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. (1. gr.)

Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja. (5. gr.)

Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. [...] Ráðherra ákveður friðlýsingu eða afnám friðlýsingar að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands. (18. gr.)

Minjastofnun Íslands skal láta þinglýsa friðlýsingu sem kvöð á eign þeirri sem í hlut á. (19. gr.)

Fornleifum jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands. (21. gr.)

Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. (22. gr.)

Minjastofnun Íslands skal sjá til þess að friðlýstar fornleifar eða minjastaðir séu auðkennd með sérstökum merkjum. (22. gr.)

Hver sá sem verður var við að fornleifar liggja undir skemmdum skal gera Minjastofnun Íslands viðvart án tafar. (23. gr.)

Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir. (23. gr.)

Við friðlýsingu menningar- og búsetulandslags við Þerneyjarsund hefur Minjastofnun Íslands til hliðsjónar eftirfarandi samninga og samþykktir sem Ísland hefur undirritað og fullgilt.

- Samningur um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins - Convention for the Protection of the World Cultural and Natural Heritage - París 1972.
- Convention to Safeguard Intangible Cultural Heritage - París 2003.
- Evrópusamningur um vernd fornleifaarfsins - European Convention on the Protection of the Archaeological Heritage - Valletta 1992.
- Evrópusamningur um landslag - European Landscape Convention - Flórens 2000.

Til grundvallar liggja einnig gögn sem eru afrakstur rannsóknarvinnu á svæðinu, s.s. fornleifaskráningar og neðansjávarrannsóknna. Engir fornleifauppgreftir hafa farið fram á svæðinu.

Umsjón

Minjastofnun Íslands hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði, gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar, viðhalds eða endurbóta minja á svæðinu og hefur eftirlit með því í samræmi við 11. og 21. gr. minjalaga. Við allar framkvæmdir sem valda jarðraski á svæðinu skal fara eftir ákvæðum minjalaga. Leyfi Minjastofnunar Íslands þarf að liggja fyrir áður en hafin eru verkefni sem geta haft áhrif á varðveislu menningar- og búsetulandslags eða annarra menningarminja (sbr. 21. og 22. gr. minjalaga).

Verndaráætlun

Minjastofnun gerir verndaráætlun fyrir hið friðlýsta menningar- og búsetulandslag í samráði við landeiganda og aðra hagsmunaaðila. Í verndaráætlun skal m.a. nánar kveðið á um landnýtingu, mannvirkjagerð, vöktun, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, aðgengi og umferð gesta, sem og aðra þá starfsemi innan svæðisins sem áhrif getur haft á vernd og ásýnd menningar- og búsetulandslagsins við Þerneyjarsund.

Gildistaka

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Heimildaskrá

Anna Lía Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Fornleifaskráning á efnisvinnslusvæði við Álfsnesvík Þerneyjarsundi*. Borgarsögusafn Reykjavíkur 191/2018.

Anna Lía Guðmundsdóttir. *Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfanga. Fornleifar á framkvæmdasvæðinu*. Minjasafn Reykjavíkur 139/2008.


Gunnar Grímsson. *Kortlagning minja á Þerney og við Þerneyjarsund með flygildi*. Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í fornleifafræði 2020.

Kristján Eldjárn. "Leiruvogur og Þerneyjarsund." *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1980*, 25-35.

Orri Vésteinsson. *Menningar- og búsetulandslag. Greinargerð unnin fyrir Minjastofnun Íslands*. Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í fornleifafræði 2020.

Ragnar Edvardsson. *Fornleifakönnun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar og dýpkunar í Álfsnesvík í Kollafirði*. Bolungarvík 2018.

Sólborg Una Pálsdóttir. *Höfnin við Þerneyjarsund*. Greinargerð (ódagsett).



Álfsnesvík

Þerney

Þerneyjarsund

Nesvík

Glóruholt


Gunnunes

Skýringar

Friðlýsing_Minjaheild_Tillaga_2

• Fornleifar_punktur_sameinað

□ Björgunarreitir



Punktur	Austurhnit	Norðurhnit	Punktur	Austurhnit	Norðurhnit
1	364578.4849	411328.7039	25	364257.4262	412433.2642
2	364523.4546	411338.0145	26	364313.2258	412435.5667
3	364416.3088	411374.2062	27	364358.0806	412425.0947
4	364337.5962	411425.9011	28	364497.9465	412410.5525
5	364308.0559	411471.9723	29	364644.8125	412374.5449
6	364281.5327	411498.4152	30	364769.2458	412326.7212
7	364274.9211	411544.2656	31	364912.0822	412285.6911
8	364230.2860	411647.6520	32	364992.8831	412251.0321
9	364230.9034	411732.0710	33	365077.7320	412195.9985
10	364298.1264	411839.2964	34	365884.1439	412412.8276
11	364334.7351	411863.2044	35	365977.1605	412404.8041
12	364407.7932	411889.5408	36	366029.5647	412375.2254
13	364431.4170	411892.4503	37	366043.1246	412329.2540
14	364436.6617	411923.4451	38	366096.7028	412277.3294
15	364421.6071	411956.5754	39	366103.6482	412244.9179
16	364408.5436	411973.7861	40	366216.5009	412230.4038
17	364343.0863	412015.4601	41	366309.4779	412051.8492
18	364289.1801	412077.8926	42	365183.1022	410892.1796
19	364253.2042	412145.9648	43	365162.4647	410911.3071
20	364177.3528	412243.8803	44	365105.3679	410941.2959
21	364166.1973	412274.4374	45	365023.0030	411011.4756
22	364165.2786	412312.9300	46	364927.5297	411166.0781
23	364176.0299	412367.4620	47	364921.3504	411189.4305
24	364226.0080	412415.9652	48	364578.4849	411328.7039